

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/588*  
*komudagur 9.12.2013*

Reykjavík, 9. desember 2013  
Tilvísun: 2013110003/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum**

Orkustofnun barst erindi Nefndasviðs Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, endurskoðun matskýrslu, 120. mál.

Orkustofnun vill benda á að umfang þeirra framkvæmda sem falla undir 1. og 2. viðauka laganna er oft og tíðum gríðarlega mikið og að mjög mikilvægt sé að taka mið af því við umfjöllun málsins. Tímabilið 10 ár eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum er ekki langt í slíku samhengi að áliti Orkustofnunar, og sér stofnunin ekki ástæðu til að stytta það frekar. Þá ber að hafa í huga að iðulega er um mjög fjárfrekar framkvæmdir að ræða, þar sem tafir valda auknum kostnaði, auk þess sem matskostnaður getur verið mikill. Þá sé ekki ástæða til að íþyngja framkvæmdaraðilum enn frekar en orðið er með því að gera þeim að leggja á ný út í slíkan kostnað fyrir en ella.

Í ljósi þess sem að ofan greinir getur Orkustofnun ekki fallist á það að tíu ár séu of langur tími án þess að fram fari endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum í undanfara framkvæmda. Að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur



Kristinn Einarsson  
yfirverkefnisstjóri auðlindanýtingar